

**125. stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða var haldinn þriðjudaginn 7. maí 2024  
kl. 13:00 í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað.**

Mættir voru: Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Jón Páll Halldórsson bæjarstjóri Bolungarvíkur og Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður sem jafnfram ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

**1. Aðalfundur**

Aðalfundur verður að öllu óbreyttu haldinn 13. maí næstkomandi, fundarboð sent til sveitarfélaganna.

**2. Breytingar á samþykkt safnsins**

Tillögur að breytingum á samþykkt safnsins lagðar fram, ekki gerðar athugasemdir við þær. Samþykktin verður lögð fyrir aðalfund til formlegrar samþykktar.

**3. Athugasemdir safnaráðs og úrbótaáætlun**

Lögð fram úrbótaáætlun sem forstöðumaður vann í vetur. Margt af því sem kemur fram í athugasemdum safnaráðs hefur nú þegar verið unnið og lögð drög að næstu skrefum. Sótt veður um styrki í allar úrbætur sem eftir eru. Úrbótaáætlun samþykkt og hún send safnaráði.

**4. Staðan á Þingeyri**

Farið var yfir stöðu mála í smiðjunni. Ekki hefur tekist að ráða starfsmann en unnið er í að kanna hvort mögulegt sé að fyrirtæki á staðnum láni starfsmann til að halda opnu hálfan daginn í júní – ágúst.

**5. Styrkir ársins og staðan á verkefnum**

Farið yfir þá styrki sem safnið hefur fengið á árinu og hver staðan er á verkefnum. Ljóst er að breytingu á grunnsýningu mun seinka aðeins en stefnt er á að verklok verði samt sem áður á næsta ári. Styrkur fékkst í Sæðisina ÍS frá Minjasjóði og hefst vinna við forvörslu síðla sumars. Búið er að ljúka við rafmagn í geymslu. Vilborg Pétursdóttir verður fengin í verkefni m.a. að skipuleggja námskeið fyrir starfsmenn safna, setra og sýninga á Vestfjörðum með haustinu en til þess fékkst styrkur. Unnið er í að skipuleggja vinnu við gerð rafræns kennsluefnis en í það fékkst styrkur frá Matvælaráðuneytinu. Lagt fram mat á bátakosti BSV sem unnin var síðasta vetur með styrk frá safnaráði. Með henni fæst yfirsýn yfir bátæignina, varðveislugildi og kostnað við forvörslu og lagfæringar.

## 6. Sumarið

Farið yfir starfsfólk og skipulag sumarsins. Starfsfólk verður það sama og síðasta sumar, Gunnar Rögnvaldsson, Eldar Arnarson og Herbert Snorrason.

## 7. Önnur mál

Greint frá stöðu mála í Jónshúsi en þar reyndist mygla og unnið hefur verið að lagfæringum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14